

# Skýrsla formanns og stjórnar LH

Aðalfundur 14. nóvember 2014

Þá er komið að því að gera upp starfsárið frá síðasta aðalfundi sem var í lok janúar á þessu ári, líta yfir farinn veg, skoða hvað hefur áunnist, hvað má betur fara og velta upp því hver stefnan er. Á aðalfundinum þann 29. janúar tók ég við af Birgi Gunnarssyni auk þess sem kjörnir voru í stjórn Jón Hilmar Friðriksson, Þórunn Ólafsdóttir, Þröstur Óskarsson og Gunnar Gunnarsson sem öll voru aðalfulltrúar og varamennirnir Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Jóhanna F. Jóhannesdóttir og Pétur Magnússon.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir, ýmist í Reykjavík, í síma eða í tengslum við vofund sambandsins en samkvæmt samþykktum á stjórn að hittast eigi sjaldnar en tvisvar á starfsárinu. Í samþykktum landsambandsins er hlutverk stjórnar skilgreint í stórum dráttum á þann veg að efla eigi samstarf, sanda vörð um hagsmuni og vera í forsvari fyrir stofnanir eftir því sem við á og lög heimila. Stjórn skal stuðla að samstarfi stofnana og heilbrigðisyfirvalda, gangast fyrir upplýsinga og fræðslustarfsemi í þágu stofnana og síðast en ekki síst stuðla að rannsóknum innan heilbrigðisþjónustunnar. Á stjórnarfundum sl. starfsárs hefur hinsvegar mest megnis verið unnið að „praktískum“ þáttum tengt starfinu, fundum o.fl. og minni vinna lögð í ofangreinda þætti, stefnumótun eða framtíðarsýn en það er eitthvað sem stjórn vill gjarnan leggja meiri áherslu á á komandi starfsári. Allt eru þetta verkefni sem hlúa þarf betur að og allar ábendingar og tillögur til stjórnar vel þegar.

Megin áherslur í starfi landssambandsins hafa verið annars vegar vofundur og hins vegar aðalfundur og dagskrá í tengslum við hann og er mikilvægt að vanda vel til þessara funda og fá sem flesta fulltrúa stofnana til að sækja þá fundi en slíkir fundir stuðla að samstarfi og hafa jafnframt mikið fræðslu- og upplýsingavægi. Það hefur verið stefna stjórnar að hafa vofundina úti á landi og aðalfundina í Reykjavík og teljum við það góða nálgun og þannig hægt að virkja sem flesta. Síðasti vofundur var haldinn á Ísafirði 29. – 30. apríl s.l. og var hann afar vel sóttur en rúmlega 50 manns tóku þátt í hluta eða allri dagskránni. Vofundurinn var með aðeins öðru sniði en vanalega þar sem fundurinn byrjaði seinnipart dags á óvissuferð í boði heimamanna svo dýrindis kvöldverði og ljúfri kvöldstund á hótél Ísafirði í kjölfarið. Dagurinn eftir var svo sjálfur

fundardagurinn og skiptist dagskráin í tvennt. Um morguninn var fjallað um öldrunarþjónustu á Íslandi og var hið mikilvæga málefni skoðað út frá mismunandi sjónarhornum. Pétur Magnússon talaði um þróun öldrunar á Íslandi og sjónarhorn öldrnarheimila, Þórunn Ólafsdóttir fjallaði um öldrun út frá sjónarhorni heilsugæslunnar, Magnús Skúlason fór yfir sjónarhorn landsbyggðarinnar, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir fór yfir sjónarhorn Landspítala og að lokum áðherra heilbrigðismála, Kristján Þór Júlíusson sem fjallaði um sjónarhorn ráðuneytisins. Ofangreindir fyrirlesarar voru svo í pallborði i lokin. Erindin voru fróðleg og upplýsandi og sköpuðust finar umræður þar sem allir fundarmenn eru sammála um mikilvægi þess að hlú að þessum þætti innan heilbrigðisþjónustunnar. Engin ályktun var gerð í kjölfar þessa hluta dagskrár en það er kannski eitthvað sem vorfundur ætti að skoða í framtíðinni til þess að tryggja frekar að rödd þess heyrst sem viðá. Í kjölfar þessara erinda flutti fulltrúi frá Atvinnuþróunarfélagi Ísafjarðar fyrirlestur um fiskeldi í sjó. Að loknum hádegisverði hófst seinnihluti vorfundar og var þá fókusinn settur á stjórnandann og hvernig hann getur eflt sig í starfi. Fenginn var markþjálfari frá Vendum, Alda Sigurðardóttir sem hélt skemmtilegt og fróðlegt erindi um markþjálfun stjórnanda og hvernig stjórnandinn getur nýtt sér þá tækni / hæfni í starfi auk þess sem Benedikt Olgeirsson ræddi um línustjórnun (lean management) og hvernig hún hefur verið notuð á Landspítala. Að lokinni dagskrá héldu ánægðir vorfundargestir til síns heima. Þess má geta að heilbrigðisstofnun Vestfjarða bauð gesti vorfundar velkomna til að skoða stofnunina fyrir vorfundinn og voru nokkrir sem nýttu sér það. Ég vil nota tækifærið og þakka Ísfirðingum gestrisni og ykkur öllum góðan vorfund.

Ég held að ég tali fyrir munn allra að vorfundirnir eru mikilvægir í starfsemi sambandsins – ekki bara til að hlýða á fróðleg erindi heldur líka til að hitta kollega, mingla, skiptast á upplýsingum og hafa gaman. Fyrsti vorfundurinn var haldinn á Selfossi, sá næsti á Egilsstöðum, þriðji á Sauðárkróki, fjórði var á Ísafirði og nú hefur stjórn ákveðið að næsti vorfundur verði í Borgarnesi 16. – 17. apríl 2015 – takið frá dagsetninguna. Síðan er stefnt að vorfundi á Suðurnesjum vorið 2016 en þá hefur hringnum verið lokað i fyrstu atrennu.

Það eru nokkur praktísk verkefni sem stjórn hefur unnið að og eitt það fyrsta var að uppfæra vefsíðu sambandsins og var ný vefsíða opnuð á vorfundinum á Ísafirði – [www.lshs.is](http://www.lshs.is) – síðan er

fyrst og fremst upplýsingasíða, þar eru fundargerðir stjórnar, vor- og aðalfunda en meiningin er að hún verði aðeins meira lifandi með því að setja inn myndir, fréttir úr starfi o.fl. og höfum við komið okkur upp fjölmiðlafulltrúa sambandsins sem er hún Nína Hrönn Gunnarsdóttir ☺.

Við fáum erindi frá velferðaráðuneytinu varðandi umsagnir og tilnefningar og síðasta var óskað eftir tilnefningu landsambandsins í vinnuhóp tengt þjónustustýringu á landsbyggðinni sem við og gerðum.

Eins og flestir stjórnendur í heilbrigðisþjónustunni vita eru margar áskoranirnar - þær helstu núna eru kjaramál, verkföll innan heilbrigðisgeirans og flótti heilbrigðisstarfsmanna frá landinu auk sameiningar heilbrigðisstofnana sem nú er unnið að á Norðurlandi, Suðurlandi og Vestfjörðum. Nokkuð mörg ár eru liðin frá hrúni og hafa stofnanir tekið á sig niðurskurð í kjölfar hrunsins. Allar aðgerðir hafa miðað að því að verja þjónustuna og tryggja öryggi sjúklinga og starfsmanna. Starfsmenn hafa sýnt mikið umburðalyndi undanfarin ár en nú er farið að bera á vaxandi óánægju, óþolinmæði og uppgjöf hjá þeim. Forveri minn í þessu starfi sem formaður sambandsins nefndi fyrir tveimur árum að ef ekki verður brugðist við ástandinu er hætta á atgervisflóttu með óbætanlegum skaða fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Mér sýnist við því miður standa frammi fyrir því ástandi núna og er staðan innan læknastréttarinnar skýrasta dæmið sem við stöndum frammi fyrir núna. Ég varpa því til aðalfundur hvort hann vilja senda frá sér ályktun til stjórnvalda um að tekið verði á þessum vanda sem við okkur blasir.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og þá sérstaklega Gunnari Gunnarssyni, sem vék úr stjórn fyrr á þessu ári, Þórunni Ólafsdóttur og Þresti Óskarssyni sem nú ganga úr stjórn sambandsins.

Takk fyrir mig